

14. september 2011

### **Afkoma Landsbankans á fyrri helmingi ársins 2011**

Hagnaður Landsbankans var 24,4 milljarðar króna eftir skatta á fyrri hluta ársins. Þar af nam gengishagnaður vegna hlutabréfa í eigu Horns hf., dótturfélags bankans, um 9 milljörðum króna. Fyrirsjáanlegt er að tap verði af hlutabréfum á þriðja ársfjórðungi.


Hagnaður af aflagðri starfsemi var 4,7 milljarðar króna. Þar vegur þyngst salan á Vestia og Icelandic Group sem skilaði 4,1 milljarðs hagnaði.

Hagnaður af reglulegri starfsemi bankans er um 10,7 milljarðar í samanburði við 6,6 milljarða á sama tíma árið 2010. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi bankans er 10,8%.

Virðisrýmun á útlánasafni til einstaklinga nemur um 9 milljörðum króna. Virðisaukning lánasafns bankans til fyrirtækja nemur um 19 milljörðum króna.

### **Helstu stærðir úr rekstri og efnahag.**

- Eigið fé bankans er nú 207,7 milljarðar króna miðað við 184,9 milljarða króna í lok árs 2010.
- Arðsemi eigin fjár Landsbankans var 24,9% á ársgrundvelli og eiginfjárlutfall er nú 22,4%, lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins er 16%.
- Framlag til LBI hf. í formi vaxtagreiðslna af skuldabréfi og uppgjörssamnings við Landsbankann á fyrri hluta ársins 2011 er um 11 milljarðar króna.
- Hreinar rekstrartekjur námu alls 31 milljarði króna á tímabilinu samanborið við 18,4 milljarða króna á sama tímabili árið 2010.




- Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 16,8 milljörðum samanborið við 13,7 milljarða á sama tíma á árinu 2010.
- Vaxtamunur af meðalstöðu heildareigna var 3,1% miðað við 2,6% á sama tíma á árinu 2010.
- Heildareignir bankans voru 1.126 milljarðar króna en staða í lok árs 2010 var 1.081 milljarðar króna.
- Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina voru 153,6% miðað við 159,6% í árslok 2010.
- Heildarrekstrarkostnaður nam 10,8 milljörðum króna og hefur hækkað úr 9 milljörðum króna sama tíma árið 2010. Það skýrist fyrst og fremst af kostnaði við yfirtöku á Spkef og almennum launahækkunum vegna kjarasamninga.
- Kostnaðarhlutfall rekstrar á tímabilinu var 34,2% samanborið við 48,8% á sama tímabili 2010.
- Hækkun á verðmæti eignarhlutar ríkisins í bankanum umfram vaxtakostnað þess af hlutafjárframlaginu á árinu 2011 er 20,7 milljarðar króna. Frá stofnun bankans hefur hlutur ríkisins hækkað um 28,6 milljarða króna umfram fjármagnskostnað.

### **Helstu þættir í starfsemi fyrri hluta árs**

Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins tók Landsbankinn við rekstri Spkef þann 7. mars síðastliðinn. Allir starfsmenn sparisjóðsins eru nú orðnir starfsmenn Landsbankans og allur rekstur á ábyrgð hins sameinaða félags. Öll starfsemi er nú undir merkjum Landsbankans.

Niðurstaða í máli Landsbankans hf. gegn þrotabúi Mótormax ehf. lá fyrir þann 9. júní síðastliðinn. Niðurstaða meirihluta Hæstaréttar var að fallast á þá röksemd þrotabúsins að lán sem tekið hafði verið hjá Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbankanum) væri ekki í erlendri mynt heldur í íslenskum krónum með ólögumatri gengistryggingu við erlenda mynt. Sérstök gjaldfærsla var gerð í uppgjöri bankans fyrir árið 2010 til að mæta áhrifum dómsins.



Landsbankinn lánaði til fjölmargra arðbærra verkefna á fyrstu 6 mánuðum ársins, þar með talið nýrrar verksmiðju Lýsis hf., til uppbyggingar gagnaversinsThor Data Center, til byggingar og rekstrar nýs hótels á Akureyri og til laxeldis Fjarðalax á Vestfjörðum svo fáein dæmi séu nefnd.

Fyrri hluti árs einkenndist af uppbyggingu bankans og áherslu á samræður við viðskiptavinum bankans. Haldnir voru opnir fundir um alla land, kynntur sérstakur aðgerðalisti og um 2000 manns sóttu opnu fundina og fundi um fjármál einstaklinga og fyrirtækja. Þá kynnti bankinn stjórnarhætti sína opinberlega, starfsmenn undirrituðu siðasáttmála og nýrri veigamikilli stefnu í samfélagsmálum var hrundið í framkvæmd.

### **Aðgerðir til lækkunar skulda heimila og fyrirtækja**


#### **Skuldalækkun heimila.**

Meginmarkmið bankans á fyrri helmingi ársins var að hraða uppgjöri skuldamála heimila og nýjar aðgerðir þess efnis voru kynntar í lok maí. Aðgerðirnar byggðu á traustri fjárhagsstöðu bankans og hafa veruleg áhrif á um 30.000 viðskiptavinum. Aðgerðirnar eru þrjúþættar; breyting á 110% leið, endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina og lækkun annarra skulda en fasteignaskulda.

Lækkun fasteignaskulda hjá Landsbankanum, með aðlagðri 110% leið, miðar vel eftir þessarar breytingar, en búið er að færa niður rúmlega 3.800 lán hjá um 2800 einstaklingum og er fjárhæð afskriftar vegna þessarar leiðar um 13 milljarðar króna sem komið er. Úrvinnsla þessara mála lýkur í þessum mánuði.

Í öðru lagi mun Landsbankinn endurgreiða tæplega 50.000 skilvísnum viðskiptavinum sínum 20% af þeim vöxtum sem þeir hafa greitt frá 31. desember 2008 til 30. apríl 2011. Áætluð heildarendurgreiðsla er 4,9 milljarðar króna og mun endurgreiðsla verða lokið fyrir miðjan næsta mánuð. Meðalendurgreiðsla er því um 98.000 krónur.

Í þriðja lagi lækkar Landsbankinn aðrar skuldir viðskiptavina sinna, sem eru umfram eignastöðu og greiðslugetu þeirra. Niðurfærsla þeirra skulda getur numið allt að 4 milljónum króna fyrir einstaklinga og 8 milljónum fyrir hjón. Lækkunin er gerð að undangengnu sjálfvirku greiðslumati og er úrvinnsla þessa hjá bankanum komin á lokastig. Á næstu dögum verður haft samband við viðskiptavinum til að kynna þeim samning vegna skuldaniðurfærslu lána. Stefnt er að því að búið verði að kynna öllum viðskiptavinum niðurstöður umsókna þeirra fyrir lok október.




### Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja

Fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja miðar vel og er markmiðið að ljúka henni í upphafi næsta árs. Nú þegar hafa skuldir fyrirtækja verið færðar niður um 206 milljarða króna. Markmið bankans er að ljúka fjárhagslegri endurskipulagningu á fyrri hluta næsta árs. Jafnframt verður endurútreikningi lána sem hafa verið úrskurðuð ólögsmæt lokið á fyrri hluta næsta árs. Búið er að reikna ríflega 1000 lán af þeim 5000 sem reiknuð verða. Samkvæmt þeim útreikningum er niðurfærsla höfuðstóls lánanna að meðaltali um 45%. Um 67% þeirra fyrirtækjalána sem þurfa endurskipulagningar við, hafa verið tekin fyrir í lánanefnd og er lokið eða eru í lokafrágangi. Þau lán sem enn eru í vinnslu, eru að stórum hluta lán fyrirtækja sem vildu biðja niðurstöðu Hæstaréttar um lögmæti erlendra lána, eða fyrirtæki sem ekki hafa skilað inn gögnum.

### Samantölur á afkomu milli ára

	1H 2011	1H 2010	2010
<b>Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli</b>	24,9%	11,6%	17,3%
<b>Hagnaður eftir skatta</b>	24,4 milljarðar	9,4 milljarðar	27,2 milljarðar
<b>Hagnaður af hækkun hlutabréfa</b>	9,1 milljarðar	-1 milljón	6,3 milljarðar
<b>Tekjur af aflagðri starfsemi</b>	4,7 milljarðar	2,8 milljarðar	2,8 milljarðar
<b>Gengishagnaður Vaxtamunur af meðalstöðu heildareigna</b>	-139 milljónir	9,1 milljarðar	14,6 milljarðar
<b>Eigð fé</b>	3,1%	2,6%	2,3%
<b>Eiginfjárlutfall</b>	208 milljarðar kr.	167 milljarðar	185 milljarðar
<b>Heildareignir</b>	22,4%	16,7%	19,5%
<b>Rekstrarkostnaður</b>	1.126 milljarðar	1.087 milljarðar	1.081 milljarðar
	10,8 milljarðar	9,0 milljarðar	18,5 milljarðar



**Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans segir:**

„Afkoma bankans er góð og hefur hagnaður af reglulegri starfsemi bankans aukist sem er ánægjuefni. Stærstur hluti hagnaðarins skýrist þó af gengisbreytingum á hlutafé og sölu eigna, en í heild er þó arðsemi bankans af kjarnastarfsemi viðunandi.

Við erum að ljúka boðaðri niðurfærslu á húsnæðislánnum og öðrum lánnum viðskiptavina og endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina er að hefjast. Jafnframt er fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja langt komin og við vonumst til að ljúka henni í upphafi næsta árs. Þetta hafa verið okkar meginmarkmið og nú hyllir undir að þau náist.

Það skiptir miklu að rekstur Landsbankans gangi vel svo hægt sé að takast á við þau verkefni sem framundan eru í erfiðu umhverfi, m.a. endurreisn íslensks atvinnulífs sem ekki getur beðið lengur. Við teljum okkur á réttri leið í rekstrinum og að bankinn verði vel undir skráningu á hlutabréfamarkað búið ef stjórnvöld kjósa að fara þá leið.“

***Nánari upplýsingar veitir:***

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson  
Tölvupóstur: [pr@landsbankinn.is](mailto:pr@landsbankinn.is)  
Sími: 410 4011/8999352